

# Ársreikningur 2006



Hvalfjarðarsveit

**Efnisyfirlit**

---

|                            | Bls.  |
|----------------------------|-------|
| Áritun endurskoðenda ..... | 3     |
| Áritun stjórnenda .....    | 5     |
| Rekstrarreikningur .....   | 7     |
| Efnahagsreikningur .....   | 8-9   |
| Sjóðstreymi .....          | 10    |
| Skýringar .....            | 11-19 |
| Rekstraryfirlit.....       | 20    |

## Áritun endurskoðenda

---

Til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins en engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akranesi, 9. nóvember 2007.

**Endurskoðunarskrifstofa Jóns Þórs Hallssonar**

Við, kjörnir skoðunarmenn Hvalfjarðarsveitar, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hvalfjarðarsveit, 1. nóvember 2007.

Kjörnir skoðunarmenn

## Áritun stjórnenda

---

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 346,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 288,2 millj. kr. Engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu. Álagningarhlutfall útsvars var 11,61%. Álagningahlutfall fasteignaskatts nam 0,47% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,1% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi var neikvæð um 21,3 millj. kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 42,4 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.268,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Við sveitarstjórnarkosningarnar þann 27. maí 2006 tók gildi sameining hreppanna sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps, í eitt sveitarfélag, Hvalfjarðarsveit. Við sameininguna voru jafnframt lögð niður byggðasamlög um rekstur Heiðarskóla og Leikskólans Skýjaborgar. Heiðarskóli var rekinn sem fjárhagslega sjálfstæð eining til ársloka 2006.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og sveitarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, í nóvember 2007.

**Sveitarstjórn:**

**Sveitarstjóri:**

## Rekstrarreikningur ársins 2006

| Tekjur:                                       | Skýr.                    | 2006                       | Áætlun                     | 2005                     |
|---|--------------------------|----------------------------|----------------------------|--------------------------|
| Útsvör og fasteignaskattar .....              |                          | 222.450.003                | 199.410.000                | 193.154.535              |
| Framlög Jöfnunarsjóðs .....                   |                          | 74.104.819                 | 61.325.000                 | 68.697.820               |
|   |                          | <u>296.554.822</u>         | <u>260.735.000</u>         | <u>261.852.355</u>       |
| Aðrar tekjur .....                            |                          | 49.540.038                 | 27.479.000                 | 52.039.799               |
|   | 2,17                     | <u>346.094.860</u>         | <u>288.214.000</u>         | <u>313.892.154</u>       |
| <b>Gjöld:</b>                                 |                          |                            |                            |                          |
| Laun og launatengd gjöld .....                | 18                       | 156.868.467                | 137.813.000                | 131.943.575              |
| Annar rekstrarkostnaður .....                 | 19                       | 217.974.114                | 187.194.000                | 157.547.384              |
|   | 3                        | <u>374.842.581</u>         | <u>325.007.000</u>         | <u>289.490.959</u>       |
| Afskriftir .....                              | 6                        | 19.138.252                 | 16.880.000                 | 18.934.121               |
|   |                          | <u>393.980.833</u>         | <u>341.887.000</u>         | <u>308.425.080</u>       |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði .....      |                          | (47.885.973)               | (53.673.000)               | 5.467.074                |
| <b>Fjármagnsliðir:</b>                        |                          |                            |                            |                          |
| Fjármagnsliðir, nettó .....                   | 4,20                     | <u>26.583.524</u>          | <u>11.254.000</u>          | <u>23.926.185</u>        |
| <b>Rekstrarafkoma, (neikvæð) jákvæð .....</b> | <b>1,16</b><br><b>21</b> | <b><u>(21.302.449)</u></b> | <b><u>(42.419.000)</u></b> | <b><u>29.393.259</u></b> |
| Lykiltölur .....                              | 37                       |                            |                            |                          |

## Efnahagsreikningur

|   |                         | Eignir:               |                      |                      |
|---|-------------------------|-----------------------|----------------------|----------------------|
|   |                         | Skýr.                 | 2006                 | 2005                 |
| <b>Fastafjármunir:</b>                    |                         |                       |                      |                      |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:             |                         |                       |                      |                      |
| Fasteignir .....                          |                         | 279.243.449           | 239.432.141          |                      |
| Veitukerfi .....                          |                         | 11.084.965            | 11.839.350           |                      |
| Gatnamannvirki .....                      |                         | 25.364.014            | 9.841.855            |                      |
| Bifreiðar .....                           |                         | 2.374.219             | 3.798.750            |                      |
|   | 5,22-24                 | <u>318.066.647</u>    | <u>264.912.096</u>   |                      |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur:        |                         |                       |                      |                      |
| Eignarhlutar .....                        | 7,25                    | 752.124.981           | 902.764.904          |                      |
| Langtímakröfur .....                      | 8,26                    | 42.817.556            | 74.960.058           |                      |
|   |                         | <u>794.942.537</u>    | <u>977.724.962</u>   |                      |
|   |                         | <b>Fastafjármunir</b> | <b>1.113.009.184</b> | <b>1.242.637.058</b> |
| <b>Veltufjármunir:</b>                    |                         |                       |                      |                      |
| Skammtímakröfur:                          |                         |                       |                      |                      |
| Óinnheimtar tekjur .....                  |                         | 25.177.126            | 19.821.822           |                      |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna ..... |                         | 5.686.351             | 4.676.140            |                      |
| Aðrar skammtímakröfur .....               |                         | 11.684.531            | 18.448.721           |                      |
|   | Skammtímakröfur samtals | 10,27                 | <u>42.548.008</u>    | <u>42.946.683</u>    |
| Handbært fé .....                         | 11                      | 168.209.681           | 181.122.685          |                      |
|   |                         | <b>Veltufjármunir</b> | <b>210.757.689</b>   | <b>224.069.368</b>   |
| <b>Liðir utan efnahagsreiknings:</b>      |                         |                       |                      |                      |
| Mannvirki og lausafjármunir .....         | 12,28                   |                       |                      |                      |
| Lykiltölur .....                          | 37                      |                       |                      |                      |
|   |                         | <b>Eignir samtals</b> | <b>16,35</b>         | <b>1.323.766.873</b> |
|   |                         |                       |                      | <b>1.466.706.426</b> |

## 31. desember 2006

## Eigið fé og skuldir:

|   | Skýr.        | 2006                        | 2005                        |
|---|--------------|-----------------------------|-----------------------------|
| <b>Eigið fé:</b>                          |              |                             |                             |
| Eigið fé .....                            |              | 1.268.798.066               | 1.407.357.324               |
| Eigið fé samtals                          | 29           | <u>1.268.798.066</u>        | <u>1.407.357.324</u>        |
| <b>Skuldbindingar:</b>                    |              |                             |                             |
| Lífeyrisskuldbindingar .....              | 13,30        |                             |                             |
| <b>Langtímaskuldir:</b>                   |              |                             |                             |
| Skuldir við lánastofnanir .....           | 14,31        | <u>12.024.986</u>           | <u>19.084.818</u>           |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>                  |              |                             |                             |
| Skuldabréfalán .....                      |              | 637.647                     |                             |
| Viðskiptaskuldir .....                    |              | 21.366.494                  | 21.019.693                  |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda ..... |              | 8.609.804                   | 7.700.504                   |
| Aðrar skammtímaskuldir .....              |              | 12.329.876                  | 11.544.087                  |
|   |              | <u>42.943.821</u>           | <u>40.264.284</u>           |
| Skuldir og skuldbindingar samtals         |              | <u>54.968.807</u>           | <u>59.349.102</u>           |
| <b>Liðir utan efnahagsreiknings:</b>      |              |                             |                             |
| Ábyrgðir .....                            | 15,33        |                             |                             |
| Samningar .....                           | 34,35        |                             |                             |
| Restrarleigusamningar .....               | 36           |                             |                             |
| Lykiltölur .....                          | 37           |                             |                             |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>        | <b>16,35</b> | <b><u>1.323.766.873</u></b> | <b><u>1.466.706.426</u></b> |

## Sjóðstreymi árið 2006

|  | Skýr. | 2006                      | Áætlun                    | 2005                      |
|--|-------|---------------------------|---------------------------|---------------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar:</b>                       |       |                           |                           |                           |
| Rekstrarafkoma, (neikvæð) jákvæð .....           |       | (21.302.449)              | (42.419.000)              | 29.393.259                |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:         |       |                           |                           |                           |
| Söluhagnaður eigna .....                         |       |                           |                           | (2.902.900)               |
| Afskriftir .....                                 |       | 19.138.252                | 16.880.000                | 18.934.121                |
| Verðbætur og gengismunur .....                   |       | (5.627.172)               |                           | (6.390.066)               |
| Veltufé (til rekstrar) frá rekstri               |       | <u>(7.791.369)</u>        | <u>(25.539.000)</u>       | <u>39.034.414</u>         |
| Breytingar á skammtímalíðum:                     |       |                           |                           |                           |
| Birgðir, breyting .....                          |       |                           |                           | 60.903                    |
| Skammtímakröfur, breyting .....                  |       | 1.408.886                 | 1.000.000                 | 5.414.428                 |
| Skammtímaskuldir, breyting .....                 |       | 1.770.237                 | 1.500.000                 | (6.992.270)               |
| Breytingar                                       |       | <u>3.179.123</u>          | <u>2.500.000</u>          | <u>(1.516.939)</u>        |
| Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri           |       | <u>(4.612.246)</u>        | <u>(23.039.000)</u>       | <u>37.517.475</u>         |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>                  |       |                           |                           |                           |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..... |       | (20.569.631)              | (20.000.000)              | (9.004.412)               |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....           |       |                           |                           | 12.700.000                |
| Langtímakröfur, breyting .....                   |       | 19.920.375                | 30.000.000                | 21.091.251                |
| Fjárfestingarhreyfingar                          |       | <u>(649.256)</u>          | <u>10.000.000</u>         | <u>24.786.839</u>         |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>                   |       |                           |                           |                           |
| Tekin ný langtímalán .....                       |       | 400.038                   |                           | 1.197.441                 |
| Afborganir langtímalána .....                    |       | (8.051.540)               | (8.000.000)               | (7.914.156)               |
| Fjármögnunarhreyfingar                           |       | <u>(7.651.502)</u>        | <u>(8.000.000)</u>        | <u>(6.716.715)</u>        |
| (Lækkun) Hækkun á handbæru fé .....              |       | (12.913.004)              | (21.039.000)              | 55.587.599                |
| Handbært fé í ársbyrjun .....                    |       | 181.122.685               | 181.122.685               | 125.535.086               |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                |       | <b><u>168.209.681</u></b> | <b><u>160.083.685</u></b> | <b><u>181.122.685</u></b> |



## Skýringar

---

### Reikningsskilaaðferðir:

#### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar árið 2006 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrar-einingar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins, en allur rekstur þess fellur undir A hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans eignasjóð og Byggðasamlag um Heiðarskóla. Við sveitarstjórnarkosningarnar þann 27. maí 2006 tók gildi sameining hreppanna sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps, í eitt sveitarfélag, Hvalfjarðarsveit. Við sameininguna voru jafnframt lögð niður byggðasamlög um rekstur Heiðarskóla og Leikskólans Skýjaborgar. Heiðarskóli var rekinn sem fjárhagslega sjálfstæð eining til ársloka 2006.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 144/1994, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu eignasjóðs, framlag til Heiðarskóla og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

#### *Innlausn tekna*

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og fært í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýringu nr. 5. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

#### *Færsla gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Hvalfjarðarsveit

### Skýringar, frh.:

#### *Verðlags- og gengisviðmið*

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

#### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum sem tengjast viðkomandi verkefni.

#### *Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

|                                   |          |
|-----------------------------------|----------|
| Fasteignir .....                  | 25-40 ár |
| Veitumannvirki og gatnagerð ..... | 25 ár    |
| Aðrar eignir .....                | 4-12 ár  |

#### *Eignahlutir í félögum og stofnunum*

7. Hlutabréf Spalar hf. eru færð til eignar á framreiknuðu kaupverði samkvæmt ákvæðum í bréfunum um verðtryggingu þeirra. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur hlutabréf eru bókfærð á kostnaðarverði. Eignarhlutar í sameignarfélögum öðrum en Faxaflóahöfnum sf. eru bókfærðir samkvæmt hlutdeild í eigin fé þeirra 1. janúar 2003. Eignahluti í Faxaflóahöfnum sf., sem er sameinað félag hafna við Faxaflóa (Akraneshöfn, Grundatangahöfn, Reykjavíkurhöfn og Borgarneshöfn), er bókfærður samkvæmt hlutdeild í eigin fé félagsins við sameiningu. Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### *Langtímakröfur*

8. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtíma-krafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### *Birgðir*

9. Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

#### *Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

10. Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

#### *Handbært fé*

11. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### Skýringar, frh.:

#### *Eignir utan efnahagsreiknings*

12. Fjárfesting í löndum, lóðum, umferðarmannvirkjum og lausafjármunum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### *Lífeyrisskuldbinding*

13. Ekki liggja fyrir upplýsingar um lífeyrisskuldbindingu sem hvílir á sveitarfélaginu vegna lífeyrisréttinda starfsmanna þess. Skuldbindingin byggir á 33. grein laga nr. 1 frá 10. janúar 1997, en þar segir: “Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.”

#### *Langtímaskuldir*

14. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

#### *Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

15. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í sundurliðunum ársreikningsins og skýringu.

#### *Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

16. Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum. Í yfirliti hér að aftan er birt rekstraryfirlit málaflokka í samanburði við áætlun.

## Hvalfjarðarsveit

### Skýringar, frh.:

### Rekstrartekjur:

#### 17. Rekstrartekjur greinast þannig:

|   | Ársreikningur      | Áætlun             |
|---|--------------------|--------------------|
| <i>Útsvör og fasteignaskattar:</i>      |                    |                    |
| Útsvar .....                            | 132.075.376        | 111.598.000        |
| Fasteignaskattur .....                  | 89.517.850         | 87.212.000         |
| Lóðaleiga .....                         | 856.777            | 600.000            |
|   | <u>222.450.003</u> | <u>199.410.000</u> |
| <i>Framlög Jöfnunarsjóðs:</i>           |                    |                    |
| Framlag vegna fasteignaskatts .....     | 13.709.836         | 14.000.000         |
| Framlag vegna útgjaldajöfnunar .....    | 13.594.046         | 14.815.000         |
| Framlög vegna grunnskóla .....          | 29.165.522         | 29.635.000         |
| Framlög vegna endurskipulagningar ..... | 13.351.000         |                    |
| Önnur framlög .....                     | 4.284.415          | 2.875.000          |
|   | <u>74.104.819</u>  | <u>61.325.000</u>  |
| Skatttekjur samtals .....               | <u>296.554.822</u> | <u>260.735.000</u> |
| <i>Aðrar tekjur:</i>                    |                    |                    |
| Þjónustutekjur .....                    | 22.613.536         | 17.920.000         |
| Eignatekjur .....                       | 24.404.205         | 8.808.000          |
| Endurgreiðslur .....                    | 860.151            | 416.000            |
| Aðrar tekjur .....                      | 1.662.146          | 335.000            |
|   | <u>49.540.038</u>  | <u>27.479.000</u>  |
| Rekstrartekjur samtals .....            | <u>346.094.860</u> | <u>288.214.000</u> |

### Laun og launatengd gjöld:

#### 18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                  |                    |                    |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|
| Föst laun .....                  | 120.616.781        | 109.020.000        |
| Yfirvinna .....                  | 5.065.998          | 4.363.000          |
| Ökutækjastyrkur .....            | 3.516.053          | 3.282.000          |
| Launatengd gjöld .....           | 27.357.714         | 20.397.000         |
| Annar starfsmannakostnaður ..... | 311.921            | 751.000            |
|                                  | <u>156.868.467</u> | <u>137.813.000</u> |

Við árslok voru í starfi hjá Hvalfjarðarsveit um 53 starfsmenn sem skiluðu 40 ársverkum. Laun og starfstengdar greiðslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 12,9 millj. kr. á árinu.

## Hvalfjarðarsveit

### Skýringar, frh.:

#### Annar rekstrarkostnaður:

|  | Ársreikningur      | Áætlun             |
|--|--------------------|--------------------|
| 19. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:       |                    |                    |
| Vörukaup og viðhaldsvörur .....                    | 20.801.329         | 17.471.000         |
| Prentun, sími, flutningsgjöld og auglýsingar ..... | 3.242.576          | 1.349.000          |
| Risna og ferðakostnaður .....                      | 841.370            | 370.000            |
| Sérfræðipjónusta .....                             | 21.568.225         | 6.256.000          |
| Ýmis aðkeypt þjónusta .....                        | 71.881.758         | 66.319.000         |
| Leigugreiðslur .....                               | 2.351.803          | 1.914.000          |
| Orkukaup .....                                     | 5.435.393          | 5.557.000          |
| Mannvirkjagerð og viðhald .....                    | 9.002.992          | 8.175.000          |
| Vátryggingar og opinber gjöld .....                | 1.650.734          | 1.939.000          |
| Eignakaup .....                                    | 6.277.353          | 6.370.000          |
| Styrkir og framlög .....                           | 69.672.430         | 68.806.000         |
| Niðurfærsla og annar kostnaður .....               | 5.248.151          | 2.668.000          |
|  | <u>217.974.114</u> | <u>187.194.000</u> |

#### Fjármagnsliðir:

#### 20. Fjármagnsliðir greinast þannig:

##### Fjármunatekjur:

|                                |                   |                   |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tekjur af eignahlutum .....    | 10.082.205        | 3.267.000         |
| Vaxtatekjur og verðbætur ..... | 22.657.694        | 20.828.000        |
|                                | <u>32.739.899</u> | <u>24.095.000</u> |

##### Fjármagnsgjöld:

|  |                  |                   |
|--|------------------|-------------------|
| Vaxtagjöld og verðbætur .....                  | 3.242.486        | 4.236.000         |
| Vaxtagjöld og verðbætur eigin fyrirtækja ..... |                  | 7.262.000         |
| Fjármagnstekjuskattur .....                    | 2.913.889        | 1.343.000         |
|  | <u>6.156.375</u> | <u>12.841.000</u> |

|                             |                   |                   |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|
| Fjármagnsliðir, nettó ..... | <u>26.583.524</u> | <u>11.254.000</u> |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|

#### Heildaryfirlit um rekstur:

21. Yfirlit um rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun, er hér að aftan.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir:

#### 22. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

